

# FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað október 2011. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason



Félag bókagerðarmanna auglýsir orlofshús nr. 4 í Miðdal til sölu. Húsið var byggt árið 1988 og er um 43 m<sup>2</sup> að stærð, þrjú herbergi, sofa, bað og eldhúskrókur. Í húsinu er rafmagn auk þess sem hitakútur fylgir.

Húsið verður selt með innbúi en skilyrði er að fjarlægja það af landinu.

Tilboð óskast í húsið og skilafrestur er til 20. október n.k. Félagið áskilur sér rétt til að taka hagstæðasta tilboði eða hafna öllum.

Upplýsingar í síma 552 8755.

## Frá aðalfundi FBM 2011

Aðalfundur FBM var haldinn miðvikudaginn 13. apríl sl. á Grand Hótelu við Sigtún.

Góð mæting var á fundinn. Eftir skýrslu stjórnar og yfirferð reikninga félagsins sem send hafði verið í riti út til allra félagsmanna var umræða um starf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Lagabreytingar sem lagðar voru fram fyrir aðalfund voru kynntar og samþykktar samhljóða.

Meðal annars voru samþykktar breytingar á lögum um

aðalfundi og félagsfundi. Breyting var gerð á reglugerð Sjúkrasjóðs varðandi greiðslu sjúkradagpeninga og á reglugerð um lóðir í Miðdal. Bókasafnsnefnd félagsins var lögð niður. Bætt var inn lið í reglur um greiðslur félagsgjalds þar sem fram kemur að félagsmenn, sem hætta störfum og hefja töku lífeyris fyrir 67 ára aldur, en vilja halda félagsréttindum sínum, ber að greiða hálf tónn félagsgjald eins og það er á hverjum tíma. Nýja útgáfu af lögum og reglum félagsins má finna á [www.fbm.is](http://www.fbm.is)

Því næst fóru fram stjórnarskipti en eftirfarandi aðilar skipa stjórn FBM tímabilið 2011 – 2012: Georg Páll Skúlason, formaður, Oddgeir Þór Gunnarsson, Prentsmiðjunni Odda, Anna Haraldsdóttir, Morgunblaðinu, Þorkell S. Hilmarsson, OPM, Anna Helgadóttir, Prentsmiðjunni Odda, Óskar R. Jakobsson, Litlaprenti og Páll Reynir Pálsson, Litlaprenti.

Varastjórn: Hrafnhildur Ólafsdóttir, FBM, Stefán Ólafsson, Elín Sigurðardóttir, Hrefna Stefánsdóttir, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Prentsmiðjunni Odda og Róbert Ericsson, Prentmeti.




## Húsnæðismál FBM

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að auglýsa Hverfisgötu 21 til leigu en fyrirhugað er að flytja starfsemi félagsins á Stórhöfða 31, Reykjavík. Eftirfarandi tillaga var kynnt og hlaut samþykki á aðalfundinum:

## Ert þú að nýta þér aðild þína?

Kynntu þér framboðið á fjölbreyttum námskeiðum í námsvísi IÐUNNAR eða á vefsíðu okkar [www.idan.is](http://www.idan.is)



IÐAN  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

Leggjum til að aðsetur Félags bókagerðarmanna og skrifstofur þess flytji af Hverfisgötu 21 á Stórhöfða 31 í húsnæði RSÍ og MATVÍS þar sem félagið hafi aðstöðu og fundarsali. FBM komi inn í húsfélag sem hefur með rekstur skrifstofa félaganna að gera.

Húsnæði á Hverfisgötu 21 verði boðið til leigu og leitað verði til fasteignasala sem eru löggiltir í leigu atvinnu-húsnæðis.

Forsenda fyrir breytingum er að hagræði náist fram vegna reksturs skrifstofu.

Stjórn Félags bókagerðarmanna er veitt heimild til að vinna áfram að málinu.

*Stjórn og trúnaðarráð FBM*

Hverfisgata 21 hefur verið auglýst til leigu hjá fasteigna-sölnunni Miklaborg. Nokkrir aðilar hafa sýnt húsnæðinu áhuga, en húsið hefur enn ekki verið leigt út. Flutningur á starfssemi félagsins tengist leigu hússins og því er ekki ljóst hvenær hann verður.

## ■ Atvinnustaða félagsmanna í september 2011

Samkvæmt skilagrein frá Vinnuálastofnun í september 2011 voru 6,9% virkra félagsmanna 100% atvinnulausir í ágúst og fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Atvinnuleysi félaga í Félagi bókagerðarmanna hefur minnkað jafnt og þétt. Í ágúst 2009 var atvinnuleysið 9,2% og á sama tíma í fyrra, mældist það 7,3% og hefur því lækkað um 0,4 prósentustig á liðnu ári.

Nú eru mun færri í skertu starfshlutfalli en hafa verið á undangengnum árum. Ekki liggur þó ljóst fyrir hversu margir félagsmenn eru í skertu starfshlutfalli í dag. Atvinnuleysi hér á landi núna í ágúst var 6,7%

**Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem eru í atvinnuleit er hægt að nálgast á vefnum [www.fbm.is](http://www.fbm.is) og [www.vmst.is](http://www.vmst.is)**

## ■ Hraðskákmót FBM

Verður haldið sunnudaginn 16. október n.k. kl. 20.00., í Félagsheimilinu Hverfisgötu 21. Skráning í síma 5528755.

Vegleg verðlaun. Allir velkomnir.

## ■ Briddsmót FBM

Tvímenningskeppni verður sunnudaginn 23. október og hefst kl. 13.00 í félagsheimilinu að Hverfisgötu 21.

Fyrsta sæti gefur rétt til til þátttöku í sveitakeppni á næstu Briddshátíð. Annað sæti gefur rétt til þátttöku í tvímennning á Briddshátíð. Þriðja sæti gjafabréf.

Allir velkomnir, skilyrði fyrir þátttöku er að a.m.k. annar aðili í hverju pari sé félagsmaður FBM. Þátttaka í mótið tilkynnist í síma 552 8755. Spilastjóri er Rúnar Gunnarsson.



## ■ Sumarhús í miðhverfi Miðdals til sölu

**Sumarhús í R götu 3 er til sölu.**

Þessi fallegi bústaður með heitum potti í miðhverfi í Miðdal er til sölu. Ásett verð er 16 m. Áhugasamir hafi samband við Þorstein : [steinigumm@gmail.com](mailto:steinigumm@gmail.com)

## ■ Sumarhús í miðhverfi Miðdals til sölu

**Sumarhús í T götu 8, Kúalautarbyggð, er til sölu.**

Húsið er 60 m<sup>2</sup> með svefnlofti, byggt 1992. Í húsinu er rafmagn, sturta, rafmagnssofnar o.fl.

Tilboð óskast. Upplýsingar gefur Kjartan Kjartansson í síma 664 0315.

## ■ CIE lab mælíbúnaður á prenttæknisviði IÐUNNAR

Prenttæknisvið IÐUNNAR fræðsluseturs keypti á dög-unum Xrite Press Optimizer og Xrite Spectro Eye litrófs-mæli auk hugbúnaðar til þess að auðvelda prentsmiðjum aðlögun að vottun samkvæmt ISO staðli nr. 12647. Búnaðurinn hentar vel til að fylgjast með gæðum framleiðslunnar, og hvort hráefni prentsmiðja standist gæðakröfur. Hann hefur verið reyndur í Svansprent undanfarið og lofar mjög góðu. Að mestum hluta byggjast mælingarnar á svokölluðum CIE-Lab mælingum, (Commission Internationale de l'Eclairage) en grunnur af þessum þrívíðu mælingum var lagður í Frakklandi árið 1931, sama ár og Jón Svan Sigurðsson stofnandi og eigandi Svansprent fæddist, þ.e. fyrir sléttum áttatíu árum.

Búnaðurinn er til nota fyrir þær smiðjur sem aðild eiga að prenttæknisviði án endurgjalds. Þeim sem vilja nýta sér hann er bent á að hafa samband við prenttæknisvið IÐUNNAR fræðsluseturs í síma 5906400 eða á netfangið [bjorn@idan.is](mailto:bjorn@idan.is).

## ■ Lögfræðipjónusta FBM

Lára V. Júlíusdóttir hrl. er til viðtals á skrifstofu FBM fyrsta þriðjudag í mánuði. Þanta þarf viðtal í síma 552 8755 eða vefpósti [fbm@fbm.is](mailto:fbm@fbm.is).

Einnig er hægt að panta tíma á lögfræðistofu hennar Lögmennt Laugavegi 3, sími: 520 1050